

jafnaðarsjóði amtsins, ef að ekki má gjalda hann úr ríkissjóðnum.

1868.
23. júní.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðinu eins og yður, herra amtmaður, hlýtur að virðast ísjárvert að láta ofannefnda sýslunarmenn fá marghlaupaðar skammyssur, eins og þeir hafa beðið um, en að vör aptur á móti höfum eptir beiðni yðar látið útvega tvö einkennismerki handa þeim, sem lögreglumönnum, og eru þau send yður með bréfi þessu. Eruð þér beðnir að borga í jarðabókarsjóð Íslands úr jafnaðarsjóði amtsins 9 rd. 32 sk., sem borgaðir hafa verið úr aðalféhirzlu ríkisins fyrir einkennismerki þessi.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um að skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi sé leyft að flytja vörur hafna á milli á Íslandi.

25. júní.

Eptir að samningar höfðu farið fram milli utanríkisstjórnarinnar, sendiherra Belgíu konungs og sendiherra hins norður-þýzka sambands við hirð hans hátignar konungsins, hefir stjórnin samkvæmt heimild þeirri, sem henni er veitt í lögum 17. aprílmán. þ. á., um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, veitt skipum frá Belgíu og Norður-Þýzkalandi rétt á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, án tillits til lestatala þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins að Færeyjum meðtöldum.

Þetta skal yður hérmeð kunngjört, herra stiptamtmaður (amtmaður), yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það.